

REGLUR

um (4.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Við reglurnar bætist ný grein sem verður 8. gr. er orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. um að sjúkdómsmeðferð fari fram hjá aðilum heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar hafa samning við, er heimilt að taka þátt í ferðakostnaði vegna sjúkdómsmeðferðar hjá sérfræðilæknum sem voru án samnings á tímabilinu 1. til 13. janúar 2004, að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 36. gr. sömu laga, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.